



Barnaheill

Fundargerð stjórnarfundar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Tími: Miðvikudagurinn 23. ágúst 2023 kl. 15:00
Fundur: 6. fundur ársins 2023
Staður: Fákafen 9 og á TEAMS
Mætt: Pétur Óli Gíslason, Eva Huld Ívarsdóttir, Sólvæg Rós Másdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir, Herdís Pála Pálsdóttir og Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir.
Teams: Ólafur Aðalsteinsson
Boðuð forföll: Bjarni Torfi Álfþórsson, Bergrún Íris Sævarsdóttir.

Starfsfólk Barnaheilla sem tók þátt í fundinum:

Guðrún Helga Jóhannsdóttir (liður 4)
Berglind Sigmarsdóttir situr fund og ritar fundargerð.

1. Staða fjármála.

Farið var yfir stöðu fjármála fyrstu 6 mánuði ársins. Ákveðið var að aðgreina erlendu verkefnin frá þeim innlendu til að sjá skýrari stöðu reksturs.

Sagt var frá sölu fasteignar Barnaheilla sem gekk í gegn í ágúst mánuði. Lagt var til að setja fram nánari upplistun á fjárhag hvers verkefnis fyrir sig. Talað var um meiri fókus á verkefnin og verkefnatengd markmið. Framkvæmdastjóri sendir stjórn yfirlit til skoðunar, og til umræðu á næsta stjórnarfundum.

2. Starfsreglur stjórnar.

Starfsreglur stjórnar höfðu verið sendar á stjórn til skoðunar. Þeir sem komu með ábendingar voru beðnir um að koma með breytingar tillögur á texta. Starfsreglurnar verða svo lagðar fram á ný á næsta stjórnarfundum.

3. Skipurit.

Skipurit samtakanna var tekið til skoðunar. Í ljósi fjárhag samtakanna fyrstu 6 mánuði ársins var rætt um að taka það til skoðunar. Ákveðið var að endurskoða stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra, sem og endurskoða hlutverk leiðtoga. Nýtt skipurit lagt fyrir stjórn á fundi í september til staðfestingar. Benti framkvæmdastjóri jafnframt á þær starfsmannabreytingar sem fóru fram fyrr á árinu, með beiðni til stjórnar að meta þær á ný í ljósi nýrrar stöðu sem og framtíðarvegferð samtakanna.

4. Senegal.

Möguleg tilfærsla Guðrúnar Helgu Jóhannsdóttur, aðstoðarframkvæmdastjóra og leiðtoga erlendra verkefna til SC Senegal.

Guðrún Helga Jóhannsdóttir kom inn á fund stjórnar og svaraði spurningum varðandi mögulega tilfærslu hennar til Save the Children í Senegal. Lagði hún áherslu á gott samstarf milli Barnaheilla og samtaka Save the Children í Senegal. Ákveðið var að hún sinnir áfram erlendum verkefnum Barnaheilla í 10% stöðugildi og var stjórn samþykkt því að nýta þetta tækifæri.

5. Endurskoðun samtakanna.

Málefnið bíður næsta stjórnarfundar.

6. Áherslur í starfi Barnaheilla starfsárið 2023–2024.

Áherslur í starfi Barnaheilla voru ræddar og ákveðið að rýna í innlendu verkefni samtakanna, samhliða þess sem fjárhagur skuli endurskoðaður, fjáröflunartækifæri skoðuð sem og húsnæðiskostur. Rætt var um mögulegan vinnudag í haust til frekari skoðanir á rekstri samtakanna.

7. Önnur mál. (voru ekki tekin til umfjöllunar)

- Rúmeníuferð starfsfólks til SC Rúmeníu.
 - 16.september-22.september 2023.
- Ungmennaráð BH Ungheill.
 - Ferð til Svíþjóðar 25-27.ágúst.
 - Þátttaka í stjórnarfundum.
- Söfnunarþáttur RUV.
 - Fundartíma fundinn fyrir hugarflug stjórnarmeðlima.

Fundi slitið kl. 16:20

Berglind Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, ritaði fundargerð.

Afgreiðsla : Fundargerð send til rafrænnar undirritunar í gegnum Dokobit.